

Aðalfundur Hvanneyrabúsins ehf.

Ásgarði 17. ágúst 2016, kl. 13:00

Mættir voru Björn Þorsteinsson (rektor Landbúnaðarháskóla Íslands), Theodóra Ragnarsdóttir (fjármálastjóri LbhÍ), Auður Magnúsdóttir (deildarforseti háskóladeildar LbhÍ), Pétur Diðriksson (stjórnarmaður í stjórn Hvanneyrabúsins, bóndi Helgavatni), Egill Gunnarsson (bústjóri Hvanneyrabúsins), Þóroddur Sveinsson (formaður stjórnar Hvanneyrabúsins), Jón Hallsteinn Hallsson (fráfarandi deildarforseti, sem ritar fundargerð).

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar (ÞS).
 - ÞS bauð velkomna fundargesti, sérstaklega AM sem situr sinn fyrsta fund. Samþykkt að ÞS gegni fundarstjórn og að JHH sjái um ritun fundargerðar.
 - ÞS kynnir skýrslu stjórnar til aðalfundar.
 - BÞ ræddi um árangur ársins og mikilvægi þess að halda áfram á sömu braut, mikilvægt einnig að nýta betur jörðina og búreksturinn í háskólastarfinu og rannsóknnum.
2. Ársreikningur Hvanneyrabúsins 2015 kynntur og lagður fram til samþykktar (EG).
 - EG kynnir ársreikning Hvanneyrabúsins fyrir árið 2015. Mikil breyting á rekstrinum milli ára.
 - TR spyr út í breytingar á liðnum „annar rekstrarkostnaður“ milli ára.
 - BÞ samþykkir ársreikning Hvanneyrabúsins ehf. fyrir árið 2015 með undirskrift sinni.
3. Rekstrar- og fjárhagsstaða Hvanneyrabúsins ehf. fyrstu 7 mánuði ársins 2016 (EG).
 - EG hefur framsögu um fjárhagsstöðu miðað við fyrstu sjö mánuði ársins 2016.
 - Niðurstaða er sú að rekstur fyrri hluta árs 2016 sé nokkuð nærri áætlun.
4. Stjórnarkjör (ÞS).
 - Samþykkt einróma að AM taki sæti í stjórn Hvanneyrabúsins ehf. í stað fráfarandi deildarforseta JHH.
5. Önnur mál.
 - BÞ spyr um hefynd af fitjunum. EG til svara – heyskapur hefur gengið mjög vel það sem af er ári.
 - BÞ spyr um breytt beitarskipulag. EG til svara – betri dreifing á beit og hefur gengið ágætlega.

Fleira ekki tekið til umræðu og fundi slitið klukkan 14:25.